

Tollskrárnúmer:	Vöruheiti:
90.27.01	Snúningshraðamælar fyrir flugvélar.
90.27.09	Ýmsir teljarar til notkunar í flugvélum.
90.28.09	Amper- og voltmælar, einnig aðrir rafmagnsmælar í stjórnborði flugvéla.
90.29.09	Varahlutir í mælitæki, sem njóta undanþágu í tollskrárnúmerum 90.23, 90.24 og 90.26 til 90.28.
91.03.00	Klukkur, sérstaklega gerðar fyrir flugvélar.
91.11.00	Varahlutir í klukkur, sem flokkast undir tnr. 91.03.00.
94.01.09	Sæti í flugvélar.

Það skilyrði er sett fyrir framangreindri niðurfellingu, að innflytjandi lýsi því yfir á aðflutningsskýrslu við tollafgreiðslu hverju sinni, að varan sé eingöngu ætluð til nota í flugvélum eða í beinum tengslum við þær.

Niðurfellingin tekur einungis til þeirra innflutningsaðila, sem stunda rekstur og viðgerðir á flugvélum í atvinnuskyni. Í vafatilvikum ber innflytjanda að sýna tolyfirvöldum fram á með vottorði viðkomandi skattstofu, að hann hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna af flugvélaekstri, flugvélaframleiðslu eða flugvéla viðgerðum næstliðið skattár.

Með auglýsingu þessari er felld úr gildi auglýsing ráðuneytisins nr. 327 frá 14. nóvember 1973 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 6. mars 1975.

F. h. r.

Þorsteinn Ólafsson.

Björn Hafsteinsson.

15. febrúar 1975.

Nr. 87.

AUGLÝSING

um umferð í Grindavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Grindavíkur, eru hér með gerðar eftirgreindar breytingar á umferð í Grindavík:

1. Umferð fólksbifreiða er bönnuð um athafnasvæði nýju hafnarbyggjunnar.
2. Bifreiðastöður fólksbifreiða eru bannaðar á bryggjunum „Gosa“ og „Svíra“.
3. Hraunbraut í Grindavík verður aðalbraut.

Bæjarfógetinn í Grindavík, 15. febrúar 1975.

Jón Eysteinnsson, settur.